



MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkíð...

Vistvænn
kostur!
GUÐJÓNÓ
VISTVÆN PRENTSMÍÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Miðvikudagur 19. janúar 2011 – 1. tölublað – 7. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 **visir**

Byr
Tveir bankar
bítast á



2



Hækkun olíuverðs
Próun sem bítur í
skottið á sér

6-7



Sprotafyrirtæki
Sex atriði um
fjármögnun

8

Opera þarf meira pláss



Norska hugbúnaðar-
fyrirtækið Opera
stefnir að því að þrefalda
gagnaflutning
hingað á næstu árum.
Fyrirtækið rekur net-
vafrá fyrir einkatölvur
og farsíma og vist-
ar farsímahluta Opera-
vafrans í gagnaveri Thor
Data Center í Hafnarfirði.

Opera Mini er vinsælasti far-
símavafri heims með um 71 mill-
jón notenda. Notendur skoða meira
en 36,9 milljarða vefsíðna á mán-
uði og jafngildir það 4,9 peta-
bætum af gögnum sem fara um
sæstreng Farice.

Jón Viggó Gunnarsson, fram-
kvæmdastjóri Thor Data Cen-
ter, vildi ekki tjá sig um Opera
Software. Hann sagði fyrirtæk-
ið í miklum vexti, stækki það hér
þá aukist umfang þess í öðrum
gagnaverum ytra. - **jab / Sjá síðu 2**

Procar kaupir 200 bílaleigubíla

Bílaleigan Procar hefur keypt 200
bíla af bílaumboðunum B&L og
Ingvari Helgasyni. Bílarnir eru
af gerðinni Nissan Micra, Nissan
Qashqai, Hyundai i20 og Hyundai
i10. Þá á að leigja út í sumar.

„Við viljum vera vel undirbúnir
og klárir með bílana þegar törn-
in byrjar,“ er haft eftir Gunnari
Birni Gunnarssyni, forstjóra Pro-
car. - **kóp**

HELST Í ÚTLÖNDUM

Aftur í veikindaleyfi

Steve Jobs, framkvæmdastjóri
Apple, er nú í veikindaleyfi í annað
sinn á tveimur árum. Jobs er
55 ára og hefur fengið krabba-
meið í bris og gengist undir
lifrarigræðslu. Jobs hefur gert
fyrirtækið að



einu því stærsta í tölugeiranum.
Gengi hlutabréfa Apple lækkaði
um fimm prósent í gær.

Samningar við Kína

Kínverjar hafa undirritað við-
skiptasamninga við bandarísk
fyrirtæki upp á 600 milljónir dala,
nú skömmu áður en Hu Jintao, for-
seti Kína, heldur í opinbera heim-
sókn til Bandaríkjanna.



Kynnir sér álagspróf

Michel Barnier, sem fer með mál-
efni innri markaðar Evrópusam-
bandsins í framkvæmdastjórn
þess, situr þessa dagana á fundum
með bandarískum starfsbræðr-
um sínum sem fræða hann um
álagspróf banka, eins og Band-
aríkjamenn hafa útfært þau í kjöl-
far kreppunnar. Álagspróf Evró-
pusambandsins þykja ekki hafa
skilað jafn góðum árangri og þau
bandarísku.

Öðruvísi banki bíður eftir græna ljósinu

Unnið er að stofnun nýs banka sem á engan sinn líka hér. Stofnendur leit-
uðu ráða hjá fyrrverandi forstjóra VBS og PricewaterhouseCoopers.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

Ingólfur H. Ingólfsson, sem kennt hefur fjölda manns
að höndla fjármál sín síðastliðin níu ár, vinnur að
stofnun banka að þýskri fyrirmynd. Bankinn mun
heita Sparibankinn og byggir hann á þeirri hug-
myndafræði sem Ingólfur hefur miðlað til fólks og
hugbúnaði sem hann hefur þróað og ætlað er að auð-
velda fólki að stýra útgjöldum sínum, byggja upp
sparnað og eignir ásamt því að hraða uppgreiðslu
lána.

Undirbúningur bankans hefur staðið yfir í á annað
ár. Búið er að ráða Hönnu Björk Ragnarsdóttir sem
framkvæmdastjóra og verður hún bankastjóri þegar
bankinn kemst á laggirnar. Stéfnt er á hlutfjárú-
boð á næstu vikum til að afla fimm milljóna evra,
jafnvirði átta hundruð milljóna króna. Að því loknu
verður sótt um viðskiptabankaleyfi fyrir reksturinn.
Áætlanir standa til að dyr hans opni eftir um ár.

Meðal ráðgjafa sem komið hafa að undirbún-
ingi eru Jón Þórisson, fyrrverandi forstjóri VBS
Fjárfestingarbanka, og endurskoðendafyrirtækið
PricewaterhouseCoopers, PwC.

VBS var umsvifamikill í svokölluðum ástarbréfa-
viðskiptum smærri fjármálafyrirtækja við Seðla-
bankann í aðdraganda bankahrunsins auk þess sem
grunur leikur á því að skuldabréf sem VBS fjár-
magnaði hafi verið sett inn í eignastýringu bankans
og áhættan því verið færð á herðar viðskiptavina.

Arnar Freyr Ólafsson, verkefnastjóri Sparibank-
ans, segir forsvarsmenn Sparibankans hafa horft til
reynslu Jóns á sviði viðskiptabankarekstrar. Hann

ÞEKKT HUGMYND ERLENDIS EN NÝ HÉR

Fyrirmynd Sparibankans er Q110, tilraunaútibú Deutsche
Bank í Berlín. Þar prófar Deutsche Bank þjónustumögu-
leika á viðskiptavinum og bjóða þar aðra möguleika en í
aðalbankanum. Sparibankinn mun nær eingöngu bjóða
upp á óverðtryggt neyslulán til einstaklinga og veltílan til
smærri fyrirtækja auk þess að reka netbanka. Umhverfi
útibúsins verður jafnframt öðruvísi en hjá öðrum bönk-
um. Þýski bankinn er vinalegri en gengur og gerist hjá
fjármálafyrirtækjum; fremst í útibúinu er verslunarrými
þar sem hillupláss er leigt út til fyrirtækja í takmarkaðan
tíma og viðskiptavinir afgreiddir yfir kaffibolla. Utibú þýska
bankans er við aðalverslunargötuna í Berlín. Aðstandend-
ur Sparibankans stefna á svipaðan banka og sambærilega
staðsetningu í miðborginni. Þá er stefnt að því að bjóða
upp á menningartengda viðburði í bankanum, sem á að
vera opin til klukkan tíu á kvöldin.

hafi áður verið yfir viðskiptabankasviði Íslands-
banka og aðstoðarforstjóri um skeið áður en hann
tók við fyrirtækjasviði og viðskiptapróun hjá VBS
árið 2006. „Við þurftum að hafa mann sem hefur
stýrt í viðskiptabanka. Þótt hann hafi stýrt fjárfest-
ingarbanka áður hefur hann mikla reynslu hjá við-
skiptabanka,“ segir Arnar.

Arnar bætir við að málarekstur slitastjórna
Glitnis og Landsbankans gegn PwC hafi ekki komið
í veg fyrir að leitað hafi verið ráða hjá fyrirtækinu.
„Það sem við höfum sótt eftir er ráðgjafþjónusta
hjá eintaklingum sem vinna hjá PwC. Það sem ráð-
gjafþjónustan fólst aðallega í var uppbygging á við-
skiptamódelinu. Þetta var mjög tæknileg ráðgjöf í
endurskoðun. Til þess voru fengnir löggiltir endur-
skoðendur PwC.“

Þar sem úrvalið er!

– sjá www.opticalstudio.is

CHANEL
Mod : OCH 320 8Q C501 53/16



Sjónmælingar, tímappantarir:
Smáralind 528 8500 – Keflavík 421 3811

Optical Studio
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK

Fyrirtækjaþjónusta Nova

Einhver með góðar sparnaðarhugmyndir? Einhver?

Hafðu samband við Fyrirtækjaþjónustu Nova í síma 519 1000
eða sendu okkur póst á vip@nova.is og við hjálpum þér
að lækka símreikninginn svo um munar.

Eitt verð í alla!

– óháð því hjá hvaða símafyrirtæki þeir eru.

STARTGJALD
Í alla farsíma og
heimasíma á Íslandi

5⁹⁰
kr.

MÍNÚTUVERÐ
Í alla farsíma og
heimasíma á Íslandi

9⁹⁰
kr.

SMS/MMS
Í alla farsíma
á Íslandi

9⁹⁰
kr.

Stærsti
skemmtistaður
í heimi!

NOVA



LAUSNAKER

Þetta er Lausnakerfi Skýrr. Það er skipulagt samkvæmt innbyrðis skyldleika. Yfirlitsmyndin hérna sýnir hvernig eiginleikar kerfisins vinna saman. Ef þú finnur ekki lausnir hjá Skýrr sem henta þínum þörfum, þá eru þær sennilega ekki til í sólkerfinu.

Hjá Skýrr starfa 500 snillingar í upplýsingatækni. Hjá þremur dótturfélögum fyrirtækisins – HugAx, Hands og Kerfi – starfa 500 manns til viðbótar. Skýrr er eitt af tíu stærstu fyrirtækjum Norðurlanda á sviði upplýsingatækni.

1 Velkomin									
2 24/7 Þjónustuborð	8 VeriSign								
3 Tölvupóstur	9 PCI ráðgjöf								
4 Lén- og vefhýsing	10 Rafrænar undirritanir	14 Microsoft Dynamics NAV	18 Microsoft NAV sérlausnir	22 Microsoft SharePoint	26 SharePoint Mála- og verkefnakerfi	30 Oracle viðskiptalausnir	34 Oracle starfsmanna- og launakerfi	38 Oracle Siebel	
5 Vefposi	11 Snjallkort	15 SAP Business Objects	19 SAP PI	23 S5 Sölustjóri og verkbeiðnir	27 S5 Starfsfólk	31 Ópusallt	35 Vinnustund	39 LS Retail	
6 Skeyta- miðlun Skýrr	12 S5 Áhættumat	16 Diana uppl.- og stjórn.kerfi f. heilbr.geirann	20 Gerandi	24 Inna skólastjórn-unarkerfi	28 Vala leikskóla-kerfi	32 Þjónustukerfi	36 Tibco	40 Web-Methods	
7 Net-afritun	13 Vírus- varnir	17 GlassFish	21 Viðskipta- greind BI	25 Fjármála- lausnir	29 Banka- lausnir	33*	37*	41*	

91 Microsoft Dynamics AX	93 Microsoft XAL TOK plús	95 TOK	97 Bakvörður	99 Viðskipta- greind BI
92 Sérlausnir	94 Veflausnir	96 Alvís	98 Banka- lausnir	100 Orku- lausnir

101 Aðföng og innkaup	103 Greining og ráðgjöf
102 Verlun	104 Vöruhús



Móttaka



Öryggislausnir



Veflausnir



Ráðgjöf og þjónusta



Vef- og pósthjónusta



Hugbúnaður og lausnir



EJS



Skjala- og gæðalausnir

FIÐ

						84 Share-Point skjalakerfi		
			54 Vef- hönnun	55 Vef- umsjónar- kerfi	56 LiSA Live	58 Innri- vefir	78 Verkefna- stjórnun	85 IBM Rational
			62 Tölvur	67 Netþjónar	57 Drupal	59 Vef- verslanir	79 Launa- þjónusta	86 Nintex Workflow
42 Umsóknar- kerfi	46 Targit	50 Lync (ocs)	63 Gagna- stæður	68 Verslunar- lausnir	72 Hýsingar- þjónusta	60 Leitarvéla- bestun (SEO)	80 Námskeið	87 S5 Skjala- og gæðalausnir
43 LS POS	47 ValuePlan	51 CRM	64 Prentlausnir og upplýs- ingavinnsla	69 Afritunar- þjónusta	73 Net- búnaður	61 Vef- ráðgjöf	81 Ráð- stefnur	88 Oracle UCM
44 Scribe	48 Sam- þætting	52 BizTalk	65 Microsoft rekstur og ráðgjöf	70 Verk- stæðis- þjónusta	74 Kerfis- leiga	76 Afgreiðslu- lausnir	82 Morgun- verðar- fundir	89 Erindreki
45*	49*	53*	66 Rekstrar- þjónusta	71 Rekstur netkerfa	75 Símkkerfi	77 Hugbúnaður/ leyfaráðgjöf	83 Greiningar	90 Visita


105 Microsoft Dynamics AX	107 Smásala
106 þjónusta	108*

109 Gagna- ver	111 Greining og ráðgjöf	113 Hönnun og þróun	115 Inn- leiðing	117 Rekstur UT-kerfa
110 Umhverfis- stjórnun	112 Útvistun og þjónusta	114 Viðskipta- greind og vöruhús	116*	118*

 HugurAx

 Kerfi
(Svíþjóð)

 Hands
(Noregur)

 *Hér er pláss fyrir lausnir
sem við erum að þróa eða
hafa ekki verið fundnar upp

SKÝRR

Velkomin

Hækkandi olíuverð er þróun sem bitur í skottið á sér

Hækkandi olíuverð dregur úr hagvexti og eftirspurn eftir olíu, en með minnkandi eftirspurn lækkar hún aftur í verði. Óli Kristján Ármannsson skoðar lögmálin sem ráða á olíumarkaði og ræðir við **Sigurð Friðleifsson**, framkvæmdastjóra Orkuseturs.

Verð á bensíni og dísilolíu hefur náð hæðum sem hér hafa ekki sést áður. Skammt er síðan verð á þjónustustöðvum náði 220 króna markinu og hafði verðið þá aldrei verið hærra. Forsvarsmenn olúfélaga gera ekki ráð fyrir að verðið gangi niður þegar fram í sækir, ná jafnvel 250 krónum áður en árið er úti.

Þróunin er í takt við kenningar um að yfirvofandi þrot olíuauðlindarinnar kalli á síhækkandi verð. Þessi trú endurspeglast svo jafnframt í aukinni áherslu á þróun annarra orkugjafa í samgöngum.

Á meginlandi Evrópu búa fyrirtekki í olúframleiðslu sig raunar undir orkuskipti með því að loka eða breyta olíuhreinsistöðvum. Í fyrrasumar voru í það minnsta tólf slíkar hreinsistöðvar til sölu í Evrópu eftir að ConocoPhillips, eitt af stærstu olúfyrirtækjum Bandaríkjanna, og Murphy Oil Corp. upplýstu um þá fyrirætlan sína að selja hreinsistöðvar í Evrópu eða breyta þeim í birgðastöðvar til að bregðast við samdrætti í hagnaði og minnkandi eftirspurn eftir bensíni.

SEGJA HÆKKUN HAMLA VEXTI

Í byrjun þessa mánaðar önduðu sumir Skotar léttar þegar upplýst var um samstarf Ineos, sem rekur olíuhreinsistöðina í Grangemouth í Skotlandi, og PetroChina, stærsta framleiðanda olíu og gass í Kína. Í frétt The Scotsman frá ellefta þessa mánaðar segir að með samkomulaginu hafi tvö þúsund störfum í skoskum olíuönduð verið bjargað.

Í Bandaríkjunum hafa menn einnig áhyggjur af því að hækkandi eldsneytisverð hafi letjandi áhrif á hagvöxt, á tímum þegar aukins hagvaxtar sé sárlega þörf. Þar er þó verið að tala um allt aðrar tölur en hér sjást í bensín- og olíuverði. Upplýsingastofa Bandaríkjanna um orkumál (U.S. Energy Information Administration) sendi í byrjun ársins frá sér spá um olíuverð þar sem ráð var fyrir því gert að meðalverð á tunnu verði



SÍÐDEGISUMFERÐ Eldsneytisverð hefur hækkad jafnt og þétt síðustu ár. Spár gera ráð fyrir enn frekari hækkunum. Í Bandaríkjunum, þar sem bensín er helmingi ódýrara en hér, eru uppi vangaveltur um neikvæð áhrif á hagvöxt, meðal annars vegna þess að fólk keyri minna í slíkri eldsneytisdrýtti. Hér á landi skýrist væntanlega í sumar hvort eldsneytisverðið á eftir að draga úr ferðalögum innanlands.



SIGURÐUR FRIDLEIFSSON

í ár 93 Bandaríkjadalar, eða 14 dölum yfir meðalverði nýliðins árs. Neytendur voru því varaðir við því að verð á bensíni vestra kynni fyrir sumarið að verða hærra en 3,50 Bandaríkjadalar á gallonið og kynni jafnvel að fara yfir fjóra dali.

Gróflega áætlað hafa Bandaríkjamenn því af því áhyggjur að verð á bensínlítra fari í 107,60 krónur og mögulega í 123,90. Sérít um bíla greindu frá því að hærra eldsneytisverð væri talið hafa letjandi áhrif á akstur og þar með drægi um leið úr allri þjónustu við bíla, dekkjaverkstæði hefðu minna að gera og þar fram eftir götum. Um leið hefði hærra bensínverð hamlandi áhrif á fjölgun starfa sem sárlega væri þörf á vestra.

Því væri ef til vill ekki úr vegi að velja upp þeirri spurningu hvort málum sé ekki eins háttað hér, þar

Evrópskar olíuhreinsistöðvar til sölu

Ákvörðun PetroChina um að fjáfesti í Grangemouth-olíuhreinsistöðinni er sögð hafa bjargað tvö þúsund störfum í Skotlandi. Fjöldi olíuhreinsistöðva er til sölu í Evrópu þar sem fyrirtæki búa sig undir að aðrir eldsneytisgjafar komi í staðinn fyrir olíu og hafi áhrif á rekstrargrundvöll starfsmanna.




sem barist er við atvinnuleysi í gjaldeyris- og fjármálakreppu.

OPEC RÆÐUR FERÐINNI

Sigurður Friðleifsson, framkvæmdastjóri Orkuseturs, segir hins vegar ekki alveg einfalt að meta áhrif hækkandi eldsneytisverðs, því í raun sé innbyggð bremsa á hækkunarferlið. „Olían er alls staðar,“ segir hann og bendir á hlutverk hennar í allri framleiðslu, svona fyrir utan samgöngu og vöruflutninga. „Þetta bitur alltaf í skottið á sér. Í verðinu er sjálfbremsun. Ef það verður dálítið hátt þá hefur það letjandi áhrif á hagvöxt, sem hefur þau áhrif að eftirspurn minnkar, sem aftur dregur úr eftirspurn eftir olíu, sem hefur þá þau áhrif að dregur úr verðhækkun á olíu.“

Hin hliðin á olíuverðinu segir Sigurður svo að sé framleiðsla olíunnar. „Það veit enginn hversu mikið er eftir af olíu í heiminum. Menn vita hins vegar að stöðugt fækkar stöðunum þar sem hana er að finna. Það átta sig ekki margir á því að öll þessi vestrænu ríki, svo sem Noregur og Bandaríkin, eru

ELDSNEYTISVERÐ Í EVRÓPU OG BANDARÍKJUNUM UM MIÐJAN DESEMBER 2010



löngu komin fram yfir þetta mark hámarksframleiðslu," segir hann en bendir um leið á að þótt stöðugt hafi dregið úr olíufframleiðslu hjá frændum okkar Norðmönnum hafi hagnaðurinn aukist vegna hækkana á olíuverði. „Þetta er því að færast dálftið í svörtu bókina, Mi-Austurlönd, þar sem menn vita ekki hversu mikið er eftir. En auðvitað er heilmikið eftir af henni.“

Á endanum segir Sigurður svo að til þess komi að minnkandi framleiðsla hafi áhrif til hækunar verðs. Þau áhrif eru ekki komin nema að hluta inn í verð olíunnar núna, vegna þess að mun dýrara er að sækja olíuna á ný svæði.

„Þetta er ekki eins og margir halda að menn rambi fyrir einhverja heppni á nýja olíulind. Menn vita af svæðum, en hingað til hefur verð olíunnar ekki verið nógu hátt til að réttlæta leit og vinnslu.“ Þau mörk segir Sigurður að séu nálægt 50 dala verðmarki á hverja tunnu.

SPÁKAUPEMNSKAN SKEMMIR

„Svo er fleira í þessu. Í olíuhreinsun er flöskuháls og menn hafa verið hikandi við að fjárfesta í henni," segir hann og vísar til þess að ekki hafi risið olíuhreinsistöð í Bandaríkjunum í fjölda ára og þróunin í Evrópu sé frekar í þá átt að loka stöðvum. „Frá markaðnum hafa komið mörg viðvörðunarorð um að það þurfi að fara að fjárfesta í olíu-ídnadnum, flutningi, hreinsun og slíku. Annars stefni í óefni," segir hann.

Að auki segir Sigurður að skekki myndina að langstærsti hluti olíufframleiðslunnar eigi sér stað innan vébanda OPEC og fylgi því ekki hreinum markaðslögmálum. „Þar er bara haldinn fundur og stefnan ákveðin. Í Sádi-Arabíu, þar sem er stærsti olíupollurinn, hafa verið gefnar ýmsar yfirlýsingar. Þar finnst mönnum 85 dalir á tunnuna til dæmis bara vera mjög fínt verð. Þá horfa menn einmitt til þess að hagvöxtur í heiminum hækta ekki of mikið þannig að breyting verði ekki á eftirspurn, en gróði verði nægur fyrir þá um leið.“

Sigurður segir ekki alla átta sig á hversu stórt hlutverk olía leikur

í heimshagkerfinu. „Hún er í slagæðum og háræðum alls kerfisins," segir hann og kveður stöðu Íslands um margt einstaka og öfundsverða, að vera að tveimur þriðju hlutum búið að henda olíunni út. „Í raun eigum við bara samgöngurnar.“

Áhrif hækkingar olíuverðs segir Sigurður hins vegar að sjá víða, ekki bara í leit að nýjum orkugjöfum, heldur hafi bætt tækni leitt til þess að bílar séu mun sparneytnari en áður. „Fyrir 30-40 árum eyddi meðalfólksbíll kannski 20 lítrum á hundraðið, en núna eru margir fjölskyldubílar á markaði sem eru komnir niður í fimm. Áhrifin af háu verði eru því minni þar sem við eyðum mun minna.“ Fyrir fyrstu olíukreppu í byrjun áttunda áratugarins segir Sigurður ekkert hafa verið þælt í orkunýtninni, en þá hafi verið farið að huga að því að koma tvöföldu gleri í hús og þar fram eftir götunum. „En einhvers staðar komumst við ekki lengra í bættri nýtingu.“

Sigurður segir þróun og áhrif olíuverðs því mjög flókið dæmi þar sem ótal hlutir spili inn í. „Og svo eyðileggur spákaupmennskan náttúrulega allar framtíðarþælingar," segir hann, en telur um leið mjög skiljanlegt að olía sé álitin vænlegur fjárfestingarkostur. „Olía er örugg sölubara og menn geta verið vissir um að losna við hana aftur. Hún er því vænlegur kostur ef menn þurfa að geyma einhverja milljarða.“

Í umfjöllun Wall Street Journal í gær kemur fram að OPEC, samtök olíuútflutningsríkja, búið við meiri eftirspurn eftir olíu í ár en fyrri spár höfðu gert ráð fyrir. Aukin eftirspurn skýrist af bata í heimshagkerfinu eftir fjármálakreppuna. Aukin eftirspurn eykur um leið þrýsting á OPEC að bæta við framleiðsluna, en þar hafa samtökin dregið lappirnar þrátt fyrir að verð olíutunnna hafi nýverið farið upp undir 100 dali. Núna er verðið nálægt 91 dal tunnan. OPEC hefur hins vegar viljað skrifa undanfarna hækkingu olíuverðs á áhrif spákaupmennsku með olíu. Enn ríkir því töluverð óvissa um hver þróunin verður í raun.

Megnið fer á fiskiflotann og bílana


Níu af hverju tíu lítrum af innfluttu eldsneyti eru notaðir við fiskveiðar og í samgöngum, að því er fram kemur á vef Orkuseturs. „Þessir tveir flokkar nota álíka mikið en hlutur samgangna hefur þó farið vaxandi með auknum fjölda bifreiða," segir þar og bent er á að fjöldi bíla hér á landi hafi farið úr 70 þúsund bifreiðum árið 1974 í 200 þúsund bíla árið 2004. „Árleg olíunotkun farartækja hér á landi er um 200 þúsund tonn sem er um 650 kílógrömm á hvern íbúa landsins," segir jafnframt á vef Orkuseturs og bent á að í einni olíutunnu séu um 120 kíló af olíu. Því þurfi að flytja inn tæplega sex tonn fyrir hvern landsmann á ári hverju vegna notkunar í samgöngum.



Þá segir á vefnum að mjög mikilvægt sé að leita allra leiða til að draga úr eldsneytisnotkun. „Í fyrsta lagi er olíukostnaður stærsti orkuútgjaldaliður meðalheimila og í öðru lagi leiðir brennsla olíu til útblásturs gróðurhúsalofttegunda. Brennsla jarðeldsneytis stuðlar að neikvæðum loftslagsbreytingum sem eru að verða stærsta sameiginlega umhverfisógn heimsins. Við bruna jarðefnaeldsneytis, sem að mestum hluta er kolefni, myndast mikið af koldíoxíði (CO2). Koldíoxíð er ein þeirra lofttegunda sem valda auknum gróðurhúsáhrifum en 70 prósent af útblæstri koldíoxíðs eru tilkomin vegna brennslu jarðefnaeldsneytis.“

OPEC í fimmtíu ár

Löndin 11 sem standa að OPEC dæla þriðjungi allrar olíu heimsins og ráða yfir 80 prósentum olíuauðlinda.



KPMG

cutting through complexity™

FYRIRTÆKJASVIÐ

Fjárhagsleg endurskipulagning

Veist þú hvað úrræði bankanna þýða fyrir þitt fyrirtæki?

KPMG aðstoðar þig við að skoða hvaða leiðir eru í boði varðandi fjárhagslega endurskipulagningu þíns fyrirtækis og hvaða lausn er hagkvæmst.

Fáðu nánari upplýsingar í síma 545 6000 eða með tölvupósti á netfangið fas@kpmg.is

kpmg.is



Sex atriði um fjármögnun sprota

ORÐ Í BELG

Ingvar Hjálmarsson
tölvunarfræðingur



Í þessari grein er fjallað um sex atriði sem stjórnendur sprotafyrirtækja geta nýtt sér við fjármögnun hugmynda og fyrirtækja. Athuga þarf vel hvaða tækifæri og áhætta eru fólgin í hverjum fjármögnunarkosti og hvaða leið hent- ar á hverjum tíma.

1. FJÁRPÖRF – HVERSU MIKLA PENINGA ÞARF ÉG?

Eitt mikilvægasta atriði sem sprotar þurfa að huga að er hversu mikla peninga þeir þurfa. Besta leiðin til þess að meta fjárförf er að gera vandaða og góða viðskiptaáætlun. Í henni koma fram öll lykilatriði eins og hvaðan tekjurnar eiga að koma og hver kostnaðurinn er. Hún sýnir fram á hvernær er þörf á peningunum. Ekki verður fjallað nánar um gerð viðskiptaáætlana á þessum stað en á vefnum er til mikið af upplýsingum um gerð viðskiptaáætlana.

2. EIGIÐ FJÁRSTREYMI – HVERJU GET ÉG NÁÐ ÚR REKSTRINUM?

Til þess að meta þörfina fyrir utanaðkomandi fjármagn inn í reksturinn þarf að skoða hve

miklu fjárstreymi reksturinn skilar. Á mannamáli þýðir þetta í raun hve miklir peningar koma í kassann og hvenær þeir skila sér. Góð viðskiptaáætlun sýnir fram á hvernig fjárstreymi sprota þróast, t.d. hvaða áhrif lengri greiðslu- frestur hefur á fjárstreymi fé- lagsins. Það eru gömul sannindi að „cash is king“ því með lausafé greiðir þú laun, borgar af lánunum, og rekstrarkostnað. Ef ekki koma peningar í kassann er ekkert fjárstreymi, sem þýðir að ekkert er hægt að borga. Viðskiptaáætlunin sýnir hve mikla peninga þú sjálf- ur getur nýtt úr rekstrinum.

3. STYRKIR – GÓÐUR UNDIR- BÚNINGUR!

Styrkir eru ein leið til að fá utan- aðkomandi fjármagn inn í reksturinn. Þeir eru t.d. hentug leið til að fá peninga í áhættumikil verk- efni. Til eru margar leiðir til að fá styrki hjá ýmsum aðilum, bæði opinberum og einkaaðilum. Lykil- atriði í góðri styrkumsókn er góður undirbúningur. Taka þarf skýrt fram til hvers styrkurinn er ætlaður (verkefnið sem sótt er um) og hvaða skilagögn koma úr verkefninu. Góð kostnaðaráætlun þarf að vera til staðar og oft er þess krafist að styrkþegi fjár- magni hluta verkefnisins sjálfur. Skýrt þarf að vera fyrir styrkveit- andann hvaða verðmæti koma úr verkefninu og hvernig þau tengjast styrkveitandanum sjálfum. Tengja skal styrkumsókn við umhverfi styrkveitanda á skýr- an máta. Það eykur líkurnar á já- kvæðri niðurstöðu umsóknar.

4. LÁNSFJÁRMÖGNUN – AFBORGANIR OG VEXTIR!

Til eru mismunandi form af láns- fjármögnun. Einfaldasta leiðin er að sækja um lán hjá banka og greiða til baka á ákveðnum tíma með fyrirfram ákveðnum vöxtum. Til eru margar útfærslur af þessu. Oft vilja bankar ekki lána sprotafyrirtækjum þar sem lítil rekstrarsaga er til staðar, óvissa um framvindu verkefna eða tap getur verið af rekstrinum, sér- staklega í byrjun. Við slíkar að- stæður getur verið gott að leita til einkafjárfesta. Hafi einkafjár- festar trú á hugmyndinni gætu þeir verið líklegir til að lána fé í reksturinn. Lán geta verið í ýmsu formi og eru ýmist veitt með eða án tryggingar eða veða. Veðlán eru að öllu jöfnu mun áhættu- minni fyrir fjárfesti þar sem þau tryggja að jafnaði endurheimtur fari allt á versta veg hjá fyrir- tækinu. Algengt er að lán séu veitt með breytirétti í hlutafé en þá getur fjárfestir valið á gjald- dögum hvort lánið verði greitt eða því breytt í hlutafé á fyrir- fram ákveðnu gengi. Þannig er fjárfesti gert kleift að njóta vel- gengni félagsins og verða hluthafi í fyrirtækinu á sama tíma. Einnig geta birgjar viljað lána eða leggja til íhluti, aðföng eða annað sem nauðsynlegt er í reksturinn, sér- staklega ef þeir hafa trú á hug- myndinni. Víkjandi lán geta hent- að ef eiginfjárlutfall félagsins er slæmt. En þetta er efni í heila grein til viðbótar. Til eru margir kostir lánsfjármögnunar. Lán eru algengasta form fyrirtækja-

fjármögnunar og geta þegar að- stæður eru góðar verið ódýr fjár- mögnunarkostur en verða dýrari þegar þrengir að.

5. AUKNING HLUTAFJÁR – STÆKKUM HÓPINNI!

Þetta er leið þar sem hlutafé fé- lagsins er aukið og nýtt hluta- fé selt fjárfestum sem þannig verða hluthafar í fyrirtækinu. Góð samsetning í hluthafahópi er afar verðmæt fyrir öll fyrir- tæki. Áður en nýtt hlutafé er boðið út þarf að leggja fram reikninga félagsins ásamt viðskiptaáætlun, rökstutt verðmat, lýsingar á því hvernig fjármunum verður varið eftir hlutafjárukningu og hug- myndir um hvernig fjárfestum er verið að leita að. Tímasetningin á hlutafjárukningu er líka mjög mikilvæg því það getur verið dýrt að fara of seint af stað, rétt eins og of snemma. Skoða þarf fjár- þörf rekstursins og velja fyrir sér öðrum fjármögnunarmiðum áður en farið er af stað með hlutafjár- útboð. Tegundir fjárfesta eru líka margs konar og hafa þarf þær í huga þegar viðræður hefjast. Er þetta englafjárfestar, sem fjár- festa oft í hugmyndum eða fólki, eða eru þetta áhættufjárfestar sem horfa meira á tölur úr rekstri.

Hentugir fjárfestar í hluthafahópi fyrirtækis eru jafnvel enn verð- mætari en peningurinn sem þeir koma með. Þeir koma oft með nýja þekkingu eða reynslu sem nýtist vel í rekstri fyrirtækja.

6. AÐRAR LEIÐIR – HUGSAÐ ÚT FYRIR RAMMANN!

Oft getur hentað að fara óhefð- bundnar leiðir í fjármögnun. Til dæmis má fá fjölskylduna í lið með sér, nota „crowdfunding“ og örlán eins og www.kickstarter. com eða www.uppspretta.is bjóða upp á, ná sér í aukavinnu til að ná í aukapening sem fer í reksturinn í upphafi eða þróa og selja aðra vöru sem tæki skemmri tíma en srotafyrirtækið í byrjun og nota þannig afrakstur hennar sem hlutafé í upphaflegu hugmyndina. Leikjafyrirtækið CCP gerði þetta í byrjun með því að þróa fyrst Hættuspilið sem þeir seldu með góðum árangri á Íslandi og náðu þannig í upphaflegt fjármagn til að fara af stað með EVE Online. Keppnir í gerð viðskiptaáætlana, eins og Gullegg Innovit geta líka skilað góðri upphafs fjármögnun. Oft koma bestu hugmyndirnar þegar hugsað er út fyrir ramm- ann. Það á líka við um leiðir til fjármögnunar.

Greinaröð um nýsköpun

Fréttablaðið birtir röð greina um mikilvæg atriði fyrir srotafyrirtæki. Greinarnar munu meðal annars taka á fjármögnun, hvernig á að ná fyrstu sölunni, verk- efnaströðun, samvinnu við fjárfesta og virkjun hugmynda.

Ingvar Hjálmarsson hefur tíu ára reynslu úr heimi margs konar fyrirtækja, bæði sprotum og stærra fyrirtækjum. Þar hefur hann unnið að rekstri, vöruþró- un, vörustýringu, sölu- og markaðsmálum og fleiri þáttum. Hægt er að senda höfundu línu á ingvarh@gmail.com

Beina brautin að fjárhagslegri endurskipulagningu

Lausn þín í fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækisins gæti falist í nýjum úrræðum bankanna.

Þar rötum við!

Ernst og Young hjálpar þér að meta hvaða úrræði bankanna henta þér og þínu fyrirtæki best.

Fáðu nánari upplýsingar í síma 595 2500 eða með tölvupósti á netfangið axel.olafsson@is.ey.com

www.ey.is

ERNST & YOUNG
Quality In Everything We Do



Er fyrirtækið þitt komið með **gult** spjald?

Ársreikningaskrá RSK hefur sent **10.000 fyrirtækjum** bréf og skorað á þau að skila ársreikningum fyrir árið 2009. Samkvæmt lögum áttu þau að vera búin að skila fyrir lok ágústmánaðar 2010.

Viltu ekki losna við sekt vegna vanskila?

Skil á ársreikningi 2009

Skorað er á stjórn félaga að senda nú þegar til ársreikningaskrár RSK, rafrænt eða á pappír, ársreikning félagsins og samstæðu-reikning, ef það á við, fyrir árið 2009. Eigi félag eftir að skila eldri ársreikningum er skorað á það að skila þeim einnig.

Fésektir

Félög sem vanrækja að senda ársreikninga til skrárinnar eða senda ófullkomnar upplýsingar með ársreikningi geta sætt 500.000 kr. sekt.

Engin starfsemi

Skila ber efnahagsreikningi þar sem gerð er grein fyrir skráðu hlutfé, eignum, skuldum og eigin fé þótt félagið hafi ekki haft með höndum starfsemi á árinu 2009.

Ert þú í skilum?

Unnt er að sjá hvaða fyrirtæki eru í vanskilum með ársreikninga á heimasíðu ríkisskattstjóra rsk.is/fyrirtækjaskrá/félög í vanskilum. Athugaðu hvort þitt fyrirtæki stendur í skilum og bættu strax úr ef svo er ekki.



RÍKISSKATTSTJÓRI
ÁRSREIKNINGASKRÁ

ÚR FORTÍÐINNI



MYND/LÍÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

Furstafjölskyldan féll fyrir íslensku ullinni

Furstafjölskyldan frá Mónakó, Rainier fursti, Grace Kelly kona hans og börn þeirra, þau Karólína og Albert, áttu stutta en ánægjulega helgardvöl á Íslandi í ágústmánuði árið 1982.

Þau komu með skemmtiferðaskipi og kynntu sér helstu náttúruperlur landsins: Gullfoss, Geysi og Þingvelli.

Þau sér líka í verslunarferð og lá leiðin í Rammagerðina þar sem fjölskyldan féll fyrir úrvalinu af glæsilegum ullarvörum sem þar var að finna. - þj

Varstu að skipta um símanúmer? Og veit enginn af því?

Árlega fletta Íslendingar 100 milljón sinnum upp á Já.is og Símaskráin kemur út í 150 þúsund eintökum.

Ef þú vilt breyta skráningu þíns fyrirtækis hafðu þá samband við þjónustufulltrúa okkar í síma 522 3200, farðu inn á Já.is eða sendu tölvupóst á ja@ja.is.

Skráningum í Símaskrána lýkur 31. janúar.



-er svarið



BRUICHLADDICH PEAT Alkóhólmagn Bruichladdich er 46 prósent og finnst mörgum betra, til að minnka brunatilfinningu og laða fram bragð, að bæta örllitilli lögg af vatni í glasið. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓKA

Brugghúsið sem sagt er síst fagurt á Islay

Sagt er „brúikklaði“, með áhersluna á ell-ið í miðbikið. Þannig á víst að bera fram nafnið á Islay-maltviskiinu Bruichladdich. Þá er kannski rétt að árétt að Islay er borið fram „æla“. Til eru þeir sem segja að framburðurinn á Islay sé í takt við bragðið á drykkjunum sem eyjan er fræg fyrir, en það er náttúrulega fólk sem hvort eð er kann ekki að meta viskí.

Reyndar segir rithöfundurinn (og viskísérfræðingurinn) Iain Banks í bók sinni Raw Spirit að á Islay sé að finna fallegustu bruggverksmiðjurnar. Reyndar segir hann líka að af þeim átta sem þar er að finna séu Bowmore og Bruichladdich í minnstu uppáhaldi. Það síðarnefnda segir hann að sé bara snotur samsetning húsa við sætt lítið þorp á strandspildu þar sem skiptist á grýtt og sendin fjara við breiðan og djúpan flóa. Að baki segir hann svo að sjá megi lágur hæðir, vaxnar trjám. Hann viðurkennir reyndar að lítið sé yfir þessu að kvarta, en í samamburði við aðrar bruggverksmiðjur á Islay sé hlutfallsröðunin bara svona. Þá finnur hann Bruichladdich-verksmiðjunni það til foráttu að vera svo samþætt bænum að þegar eimpottarnir ganga sé heitt afgangsvatn brugghússins notað til þess að hjálpa til við hitun sundlaugar bæjarfélagsins í næsta húsi.

Undirritaður deilir aðdæun rithöfundarins á Islay-viskí og það án þess að hafa barið staðhætti augum. Sér í lagi kann hann að meta Laphroaig, sem frægt er fyrir þétt mó- og reykjarbragð.

Í GLASI
MED ÓLA
KRISTJANI



Hann greip því tækifærið til að prófa viskí í nýrri framleiðslulínu Bruichladdich sem sérstaklega er kennt við mó, Bruichladdich Peat. Hinar tvær gerðirnar af viskí í sömu línu eru Bruichladdich Waves og Bruichladdich Rocks. Ekkert þeirra er aldursgreint

(líkt og annars er venjan til að láta vita hversu lengi viskíð hefur verið látið eldast í tunnu áður en því er tappað á flösku). Í staðinn sér yfirbruggmeistari Bruichladdich, Jim McEwan, um að rétta bragðið rati í hverja flösku.

Í lýsingu framleiðandans segir að viskíð sé ljósgullið, þurr og með meðalfyllingu. Bragðinu er lýst með reyk, þurrkuðum ávöxtum, mó og malti. Eftirbragðið er sagt langt og margslungið.

Við þetta er kannski ekki miklu að bæta, nema þá helst að einhver kynni að vilja taka fram sætuna sem er í hverjum sopa og votti af vanillukeim. Annars er það náttúrulega eins með viskí og góðar bækur, upplifunin er einstaklingsbundin. Lesandinn metur skáldsöguna út frá eigin reynsluheimi og forsendum. Rétt eins og smekkur fólks getur verið misjafn. Það er meira að segja til fólk sem lætur eins og kæst skata sé eitthvert lostæti.

Þeir sem á annað borð kunna að meta viskí með völdugu bragði og eftirkeim verða ekki sviknir af Bruichladdich Peat. Verst bara hvað mann langar í framhaldinu líka að bragða Waves og Rocks... svona til samamburðar. En það biður betri tíma. - óka

RÝMI 75 ÁRA
1936-2011
OFNASMIÐJAN

Það sparast pláss og tími með lausnum frá Rými

Frábærar lausnir fyrir einstaklinga og fyrirtæki

Lager-
hreinsun

-25% af ÖLLUM
vörum - prófaðu
svo að prúttu!

- Geymslu- og lagerhillur
- Skjalaskápar á hjólum
- Starfsmanna- og munaskápar
- Verslunarinnréttingar
- Ginur og fataslár
- Lagerskúffur og bakkar
- Ofnar og hitakerfi
- Sorpílát - úti og inni



- Ráðgjöf
- Hönnun
- Sérsmíði
- Þjónusta



Erum flutt í Brautarholt 26, 105 Reykjavík, sími 511-1100 - rymi@rymi.is - www.rymi.is

Allt í steik!

4ra rétta seðill og nýr A la Carte í Perlunni

4ra rétta seðill

verð frá 4.990 kr.

1

HEITREYKT BLEIKJA
Með wasabí ís og wagame salati

2

STEINSELJURÓTASÚPA
með humar, sveppa ravioli

VELDU ÞÉR AÐALRETT

FISKUR DAGSINS
með rjómasoðnu bankabyggi steiktu dvergekáli
og basilsmjörsósu
Verð á matseðli með fiski dagsins í aðalrétt 4.990 kr.

3

STEIKT HEIÐAGÆSABRINGA
með eplamauki sveppakartöflu og villisveppasósu
Verð á matseðli með heiðagæs í aðalrétt 5.990 kr.

INNBÖKUÐ NAUTALUND Í SMJÖRDEIGI (WELLINGTON)
með sveppafyllingu, soðkartöflu, rötargrænmeti
og Chateaubriand sósu
Verð á matseðli með innböku nautalund í aðalrétt 6.990 kr.

4

OFNSTEIKTUR LAMBAHRYGGUR
með hunangs- og sinnepskornahjúp, möndlukartöfluköku,
aspas, rófum og bearnaisessósu
Verð á matseðli með lambahrygg í aðalrétt 7.990 kr.

SÚKKULAÐI OG PISTASÍU KAKA
með pistasíu ís og tonka- hvítsúkkulaði rjóma

A la Carte

FORRÉTTIR

HEITREYKT BLEIKJA
með wasabí ís og wagame salati
2.190 kr.

HVALA CARPACCIO
með wasabí flani, sætri soja,
parmesan osti og salati
2.090 kr.

HUMARSÚPA
rjómalöguð, með Madeira
og grilluðum humarhólum
2.390 kr.

GRILLUÐ HÖRPUSKEL
með blómkáli, steinseljurótarmauki
og papriku-salsa
2.190 kr.

KJÚKLINGASALAT
með grilluðu eggaldini, tómötum
og kasjúhnetum
2.090 kr.

ANDALIFUR HEIT OG KÖLD
með rauðvínssóðinni peru, eplum,
fíkjubrauðs-mulningi og rauðvínsgljáa
3.390 kr.

FISKRÉTTIR

SALTFISKUR
ófnbakaður með moðsteiktri fennikku,
tómatsultu og súrmjólkurfroðu
3.990 kr.

SMÁLÚÐA
með kremuðu byggi,
vorgrænmeti og hvítvínssósu
3.990 kr.

HUMAR
hvítlauksristaðir humarhalar með
ætíhystlamauki og rauðu karrýkrapi
5.980 kr. (sem forréttur 3.890 kr)

FISKUR DAGSINS
með rjómasoðnu bankabyggi, steiktu
dvergekáli og basilsmjörsósu
3.990 kr.

KJÖTRÉTTIR

DÚFA OG ANDALIFUR
með maís, gulrótum, spergli
og salvíusósu
4.890 kr.

ÖND
með blóðappelsínu, spinati,
sellerírótt, soðkartöflum og andarsósu
4.690 kr.

NAUTALUND
með rauðbeðum, kartöflum, sveppum,
gulrótum og rauðvínssósu
4.990 kr.

LAMBATVENNA
með steinseljurótarmauki, aspas, rófum,
soðkartöflum og basil-myntu gljáa
4.790 kr.

EFTIRÉTTIR

HINDBERJA OG
HVÍTSÚKKULAÐIFRAUÐ
með kókos-límónu og kirsuberjás
1.790 kr.

SKYRFRAUÐ
með passíuávaxtarsósu,
bláberjakrapi og ananas
1.790 kr.

SÚKKULAÐI OG ROMM BRLEÉ
með ananas-salsa, kókosfroðu og Bounty-ís
1.790 kr.

KÓKOSHNETU TAPIOCA
með steiktu mangói og lychee sorbet
1.790 kr.

4ra rétta
sjávarrétt-
seðill
4.990 kr.

Gjafabréf
Perlunnar
Góð gjöf við
öll tækifæri!



Veitingahúsið Perlan
Sími: 562 0200 · Fax: 562 0207
Netfang: perlan@perlan.is
Vefur: www.perlan.is

BANKAHÓLFID

Tiltekt

Margir setja sér það markmið að taka til á nýju ári. Skuldauppgjör Þorsteins M. Jónssonar, stjórnarformanns Vífilfells og viðskiptavinar Arion banka, stendur nú yfir með sölu á kókframléiðandanum til Spánverja. Fleira þarf til að hreinsa borðið. Þegar allt verður frágengið verður Þorsteinn líklega annar þeirra sem teljast til útrásarvíkinga til að gera upp mál sín. Hinn er Björgólfur Thor Björgólfsson, annar af helstu eigendum gamla Landsbankans og fyrrverandi stjórnarformaður fjárfestingarbankans Straums. Hann samdi við lánardrottina sína um mitt síðasta ár.



Skamm!

Breski bankinn Barclays hefur verið skikkaður til að greiða tæpar 68 milljónir punda, jafnvirði um tólf milljarða króna, í skaðabætur og sektir vegna lélegrar ráðgjafar fyrir hrún. Viðskiptavinir bankans fá lungann af fjárhæðinni, jafnvirði ellefu milljarða króna. Viðskiptavinir Barclays hafa kvartað í hrönnum vegna lélegrar ráðgjafar sem starfsmenn bankans veittu fyrir hrún. Þúsundir viðskiptavina bankans, sem margir voru komnir á aldur, settu fé í stýringu í tveimur sjóðum sem sagðir voru ekki fjárfesta í áhættusömum eignum. Áhættan reyndist hins vegar meiri en upp var gefið og gufaði sparnaðurinn upp eins og annað sem átti að vera í öruggu skjóli. Þetta mættu kannski fleiri taka sér til fyrirmyndar.

Bróðir minn sendiherrann

Styrmi Gunnarssyni, fyrrverandi ritstjóra Morgunblaðsins, fannst lítið koma til bandarísku sendiráðsskjalanna sem Wikileaks hefur undir höndum og birt í skömmtun með hjálp erlendra stórblaða. Styrmir sagði á fundi Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála í Háskóla Íslands á dögunum skjölin öðru fremur opna dyr að lokuðum heimi diplómata sem einkenndist af úreltum samskiptaháttum og gagnrýndi fjáraustur hins opinbera til sendiráða og diplómata. Þegar leið á fundinn dró Styrmir úr gagnrýni sinni nokkuð snögglega. Vísaði hann til þess að bróðir sinn, Gunnar Gunnarsson sendiherra, væri í salnum og ákvað því að halda aftur af sér.



4% verðfall varð á hlutabréfum í tölvurísanum Apple á Wall Street eftir að Steve Jobs tilkynnti að hann væri á leið í veikindaleyfi.

20.300 Íslendingar fóru til útlanda í fyrri. Þeim fjölgaði um fjórðung frá árinu 2009.

4,5 milljarðar voru veittir með yfirdráttarláni frá Landsbankanum til búlgarsks viðskiptafélaga Björgólfs Thors Björgólfssonar 30. september 2008.



VIÐ TRÚUM Á FRAMTÍÐINA

Árið 2010 lagði Auður grunn að uppbyggingu til framtíðar. Fyrirtækjaráðgjöf Auðar kom að ráðgjöf, fjárhagslegri endurskipulagningu og verðmati á þriðja tug fyrirtækja. AUÐUR í fagfjárfestastjóður fjárfesti í rekstri og kom með nýtt hlutafé inn í sjö fyrirtæki.

Fasteignaráðgjöf Auðar kom að endurskipulagningu fasteignafélaga og gerði verðmat á yfir 100 atvinnufasteignum ásamt því að annast rekstur og umsýslu fasteigna. Ört stækkandi hópur viðskiptavina Auðar fékk góða ávöxtun á séreignarsparnað og fjármuni í eignastýringu.

Við trúum á fólk í landinu og framtíðarhorfur íslensks samfélags. Við höldum ótrauð áfram á nýju ári með sterka eiginfjárstöðu, áhættu-meðvitund og langtímaárangur að leiðarljósi.

Auður er sjálfstæður og óháður kostur á fjármálamarkaði



Borgartúni 29 | S. 585 6500 | www.audur.is

FAGFJÁRFESTASJÓÐIR | FYRIRTÆKJARÁDGJÖF | FASTEIGNARÁDGJÖF | SÉREIGNARSPARNAÐUR | EIGNASTÝRING

SAMSUNG R530-JA06SE

SAMSUNG

FRAMÚRSKARANDI GÆÐI · FJÁRFESTING TIL FRAMTÍÐAR

GLÆSILEG FARTÖLVA

- 15,6" LED skjár glossy 1366 x 768
- Örgjörvi: Celeron T3300
- Skjakort: Intel GMA 4500 dual core
- Vinnsluminni: 2GB · Harður diskur: 250GB
- Drif: DVD-RW
- Tengir: HDMI, USB2, Headphone út, Mic, VGA,
- Myndavél: 1,3 migapixel
- Styrikerfi: Windows 7 Home
- Rafhláða: 6 cellur

VERÐ: 89.900,-



SAMSUNG CLP-315W

LITA-LASERPRENTARI

- Prenthraði: 16 bl./mín. í svarthvítu, 4 bl./mín. í lit
- Fyrsta blaðsíða út: 14-26 sek
- Upplausn: 2400x600dpi
- Pappirsbakki inn: 150 blöð
- Pappirsbakki út: 100 blöð
- Minni: 32MB · Hljóðmagn: <49dB
- Stuðningur: Windows, Mac OS 10 og Linux
- Tenging: USB 2.0 · WI-FI
- Þráðlaus net-tenging

TILBOÐSVERÐ: 39.900,-
VERÐ ÁÐUR: 59.900,-

SAMSUNG ML-1660



LASER-PRENTARI

- Prenthraði: 16 bl./mín.
- Fyrsta blaðsíða út: 8,5 sek.
- Upplausn: 1200x600dpi
- Pappirsbakki inn: 150 blöð
- Pappirsbakki út: 100 blöð
- Stuðningur: Windows, Mac OS og Linux
- Tenging: USB

TILBOÐSVERÐ: 15.900,-
VERÐ ÁÐUR: 23.900,-

ORMSSON

SKRIFSTOFUVÖRUR · LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800